

ÚRSKURÐUR
uppkveðinn 8. nóvember 2016

í kær- og agamálinu:

Bílaklúbbur Akureyrar

gegn

Þóri Erni Eyjólfssyni,
Aroni Steini Guðmundssyni,
Andra Steinari Jónssyni,
Sigurjóni Elí Eiríkssyni og
Konráði Karli Antonssyni

Aga- og úrskurðarnefnd AKÍS

Í kærú, dags. 30. september 2016, kærði Bílaklúbbur Akureyrar til Aga- og úrskurðarnefndar AKÍS þá Þóri Örn Eyjólfsson, Aron Stein Guðmundsson, Andra Steinar Jónsson, Sigurjón Elí Eiríksson og Konráð Karl Antonsson fyrir að hafa ekið sjálfir eða lánað keppnisbifreiðar sínar í „drift“ akstur um götur Akureyrar meðan á Bíladögum 2016 stóð, dagana 16. júní 2016 til 19. júní 2016. Til stuðning kærúnni er m.a. vísað til þess að hegðun kærðu hafi verið með þeim hætti að valda akstursíþróttum tjóni sem ekki verður auðveldlega bætt úr. Miklar kröfur séu gerðar til akstursíþróttamanna að hraðakstur fari aðeins fram á þar til gerðum svæðum og undir eftirliti en alls ekki innan um almenna umferð þar sem almenningi er stefnt í voða. Sem sönnunargögn voru lagðar fram ljósmyndir og myndbönd ásamt útprintunum úr dagbók lögreglunnar á Akureyri. Kærandi vísar til stuðnings kröfur sinni til 4. og 21. gr. Keppnisreglna AKÍS 2016 og greinar 12.1.1 liðir c., f. og h. í International Sporting Code 2014.

Kærandi gerir eftirfarandi kröfur:

Gerð er krafa um að hver hinna kærðu missi öll stig til Íslandsmeistara í drift 2016 og að auki að hverjum kærðu verði hverjum um sig gert að greiða hæfilega fjársekt.

Til vara er krafa um að kærðu missi öll stig úr drift keppninni á Bíladögum á Akureyri 2016. Hafi kærðu ekki keppt á Akureyri þá er krafa um að viðkomandi missi öll stig í síðasta móti er hann keppti í eða á eftir sé það reyndin, ásamt hæfilegri fjársekt.

Til þrautavara er gerð krafa um að kærðu verði áminntir og hverjum um sig gert að greiða hæfilega fjársekt.

Til þrautþrautavara er gerð krafa um að kærðu verði hverjum um sig gert að greiða hæfilega fjársekt.

Málsmeðferð Aga- og úrskurðarnefndar

Eftir móttöku kærúnnar hittist aga- og úrskurðarnefnd á fundi til að fara yfir efni hennar og ákveða viðbrögð. Var það niðurstaða nefndarinnar að til að gæta málsmeðferðarreglna yrði hinum kærðu gefinn kostur á að tjá sig um fram komna kærú. Í framhaldi fundarins var kærðu send afrit kærúnnar og allra fylgigagna og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri andsvörum sínum.

Greinargerð kærðu barst Aga-og úrskurðarnefnd þann 20. október 2016. Í greinargerðinni kom fram að kærðu telja að vísa skuli kærúnni frá. Til stuðnings þeirri kröfu er vísað til greinar 8.1 í Reglugerð AKÍS um aga-og úrskurðarmál þar sem fram kemur að kærur vegna kærú mála skuli berast nefndinni innan fimm virkra daga frá því að atvik það sem kært er bar við. Einnig var vísað til þess að umræddur atburður á að hafa átt sér stað þann 19. júní 2016 en þá var Bíladögum á Akureyri formlega lokið. Að öðru leyti var málavaxtalýsingú í kærú ekki mótmælt.

Álit úrskurðarnefndarinnar:

Í kröfugerð úm ræddri kærú er krafist viðurlaga sem um kærú mál sé að ræða. Um kærú mál er fjallað í 7. og 8. gr. Reglugerðar AKÍS um aga- og úrskurðarmál. Í 7. gr. er fjallað um málsmeðferðarreglur en í 8. gr. er fjallað um fresti til að bera fram kærú. Eins og vikið er að

hér að framan telja kærðu að vísa beri kærinni frá þar sem þau tímamörk sem gr. 8.1. tiltekur voru löngu liðin þegar kærán barst nefndinni. Aga- og úrskurðarnefnd AKÍS telur að fallast beri á þessar röksemdir kærðu. Er framkominni kærú því vísað frá nefndinni sem kærú máli.

Í ljósi atvika þeirra sem lýst er í kærú og ekki var mótmælt í greinargerð kærðu kom til skoðunar nefndarinnar hvort fjalla þyrfti um málið sem agamál. Í 6. gr. Reglugerðar AKÍS um aga- og úrskurðarmál er fjallað um agamál og er í gr. 6.1 nefndinni veitt heimild til að úrskurða um önnur mál en þau sem koma fram atvikaskýrslum dómnefndar og/eða öryggisfulltrúa AKÍS á keppnum sem nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna akstursíþróttaviðburða sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Í vísan til þessarar heimildar og þess að nefndin lítur þau atvik sem fjallað er um í kærinni alvarlegum augum ákvað nefndin að taka til athugunar hvort rétt væri að beita hina kærðu agaviðurlögum.

Af kærú og þeim gögnum sem fylgdu henni er hafið yfir skynsamlegan vafa að keppnisbifreiðar kærðu voru notaðar við „drift“ akstur um götur Akureyrar í beinum tengslum við Bíladaga 2016. Kærðu hafa í greinargerð sinni ekki andmælt lýsingu á málsatvikum í kærú og telur því nefndin að hægt sé að byggja á málavaxtalýsingu í kærú við afgreiðslu agamáls þessa. Ljóst er að umræddar bifreiðar og kærðu voru staddir á Akureyri til að taka þátt í Bíladögum.

Akstur sá sem lýst er í kærú er háskalegur og er til þess fallinn að skapa hættu bæði fyrir ökumenn, farþega og almenning. Til viðbótar þessu hlaust af akstrinum talsvert ónæði fyrir íbúa Akureyrar.

Hafa verður í huga að hinum kærðu mátti vera kunnugt um neikvæða umræða síðustu ára um Bíladaga ekki síst vegna glæfralegs aksturs utan keppni á götum Akureyrar. Einnig máttu hinum kærðu vera ljósar þær aðgerðir sem gripið hafði verið til til að minnka ónæði fyrir íbúa Akureyrar, t.d. með því að hafa keppnissvæði opið lengur á meðan á Bíladögum stóð.

Háttalag kærðu var því allt með þeim hætti að það var til þess fallið að skaða ímynd akstursíþróttanna almennt.

Þar sem hin kærðu atvik áttu sér stað á keppnisbifreiðum á þeim tíma sem Bíladagar stóðu yfir og kærðu greiddu keppnisgjöld fyrir keppni á Bíladögum telur nefndin að hægt sé að horfa til Keppnisreglna AKÍS 2016 við mat á hvort ástæða er til að beita hina kærðu viðurlögum. Vísað hefur verið til 4. mgr. 4. gr. reglnanna þar sem kemur fram að ætlast er til að keppendur fari eftir almennum umferðarreglum og sýni gott fordæmi og ábyrga hegðun. Einnig hefur verið vísað til 7. mgr. 21. gr. þar sem tekið er fram að akstur til og frá keppni skuli vera háttað samkvæmt lögum. Mat Aganefndar er að háttsemi kærðu hafi verið í andstöðu við ákvæði þessi.

Einnig er í kærú vísað til International Sporting Code, sérstaklega greinar 12.1.1. Samkvæmt 3. gr. Reglugerðar um aga- og úrskurðarmál skal Aganefnd byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum AKÍS ásamt International Sporting Code. Því koma ákvæði International Sporting Code til athugunar við afgreiðslu máls þessa.

Samkvæmt gr. 12.1.1.c telst brot á International Sporting Code sérhver athöfn eða framferði sem skaðar hagsmuni akstursíþróttá almennt. Einnig verður að horfa til greinar 12.1.1.h sem tiltekur að brot geti falist í athöfn sem leiði til hættulegra aðstæðna. Því er sú málsvörn kærðu að formlegri keppni á Bíladögum hafi verið lokið haldslaus.

Aganefnd telur að háttseml kærðu hafi einnig brotið gegn framangreindum ákvæðum International Sporting Code.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að brot á framangreindum reglum hafi átt sér stað liggur fyrir Aganefnd að ákvarða viðurlög á hendur hinum kærðu. Viðurlög við agabrotum geta samkvæmt reglugerð verið keppnisbann og eða fésekt.

Í ljósi alvarleika málsins og í ljósi mikilvægis þess að komið sé í veg fyrir sambærilega hegðun telur nefndin að ekki sé önnur leið fær en að beita hina kærðu agaviðurlögum.

Eins og áður segir telur Aganefnd að háttseml kærðu hafi verið háskaleg og til þess fallin að skapa hættu á götum Akureyrar. Drift akstur keppnisbifreiða í almennti umferð með tilheyrandi hávaða var einnig til þess fallinn að valda almenningi ónæði og gefa neikvæða mynd af akstursíþróttum almennt. Auk brota á keppnisreglum var háttseml til þess fallin að skaða hagsmuni akstursíþróttá almennt. Aganefnd telur að sú háttseml sem framkomin kæra tekur til verði ekki stöðvuð nema að viðkomandi aðilar verði beittir þeim viðurlögum sem reglugerð heimilar. Aganefnd telur í ljósi alvarleika brotsins hæfilegt að hinir kærðu, Þórir Örn Eyjólfsson, Aron Steinn Guðmundsson, Andri Steinar Jónsson, Sigurjón Elí Eiríksson og Konráð Karl Antonsson sæti agaviðurlögum sem ákvarðast sem keppnisbann er taki til allra keppnisgreina á Bíladögum á Akureyri 2017, en keppnin er haldin af aðila að Akstursíþróttasambandi Íslands.

Úrskurður þessi er kveðinn upp af Skúla Bjarnasyni, Hannesi J. Hafstein, Þórhalli B. Jósepsyni og Árna Árnasyni. Berglind Jónasardóttir vék sæti við afgreiðslu málsins.

Úrskurðarorð

Kæru Bílklúbbs Akureyrar er vísað frá nefndinni. Þórir Örn Eyjólfsson, Aron Steinn Guðmundsson, Andri Steinar Jónsson, Sigurjón Elí Eiríksson og Konráð Karl Antonsson sæti agaviðurlögum sem ákvarðast sem keppnisbann er taki til allra keppnisgreina á Bíladögum á Akureyri 2017.